



Fundargerð

Miðvikudaginn 14. desember 2022 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Erla Jónsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson og Erla María Lárusdóttir varamaður.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Formaður lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá þess efnis að bætt verði við sem þriðja dagskrárlið „Skipun félagsmálaráðs“ og liður „Önnur mál“ færast undir fjórða dagskrárlið. Var tillaga borin upp og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2023 seinni umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun Félags- og skólaþjónustu A-Hún fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á áætlun frá fyrri umræðu. Í áætluninni er dregið saman rekstraryfirlit þar sem sést að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 395,8 m.kr. og heildargjöld 396,8 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um 8,0 m.kr. og rekstrarniðurstaða neikvæð um 9,1 m.kr. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri árið 2023 sé áætlað 4,0 m.kr. og afborganir langtímalána nemi 12,4 m.kr. Handbært fé í ársbyrjun 2023 er áætlað 14,8 m.kr. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 75,3 m.kr. og verða þær fjármagnaðar með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga og framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Í yfirliti um skiptingu heildarframlaga milli sveitarfélaga kemur fram að framlög vegna félagsþjónustu eru áætluð 144,8 m.kr., vegna skólaþjónustu 36,0 m.kr., vegna dreifnáms 5,8 m.kr. og vegna öldrunarmála 30,8 m.kr. Heildarframlög sveitarfélaga nema því samtals 217,3 m.kr.

Skipting heildarkostnaðar milli sveitarfélaga er þannig:

Húnabyggð: 69,8%

Sveitarfélagið Skagaströnd: 25,5%

Skagabyggð: 4,7%

Stjórn ræddi áætlun og forsendur hennar. Fram kom að í fjárfestingaáætlun sé m.a. gert ráð fyrir áframhaldandi endurnýjun á íbúðum fyrir aldraða í Hnitbjörgum á Blönduósi og Ægisgrund á Skagaströnd. Gert er ráð fyrir því að ráðast í endurnýjun á einni íbúð á hvorum stað í byrjun næsta árs. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Sæborg sem



Samþykktar voru í fjárhagsáætlunargerð vegna 2022 en munu ekki klárast á árinu. Styrkur fékkst í september 2022 úr Framkvæmdasjóði aldraðra upp á 22,7 mkr. en gert er ráð fyrir 60% mótframlagi frá byggðasamlaginu vegna framkvæmdanna.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á rekstri byggðasamlagsins var ákveðið að gæta varfærni í nýfjárfestingum og lántökum á árinu að svo stöddu. Stjórn er þó sammála um að hugsanlegar breytingar á sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna á Félags- og skólaþjónustu í Austur-Húnavatnssýslu megi ekki koma niður á þjónustu við íbúa og nauðsynlegum úrbótum sem þarf að ráðast í.

Formaður stjórnar bar áætlun upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

2. Kjarasamningsumboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem og byggðasamlaga sem til þess veita umboð sitt. Félags- og skólaþjónusta A-Hún er eitt þeirra byggðasamlaga. Gildistími allra kjarasamninga sveitarfélaga rennur út á næsta ári. Sambandið undirbýr nú kjaraviðræður við 62 stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga. Af þessu tilefni óskar Samband íslenskra sveitarfélaga eftir endurnýjuðu fullnaðarumboði til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Umboðið felur m.a. í sér skuldbindingu byggðasamlagsins til að afhenda sambandinu upplýsingar um laun og önnur starfskjör starfsmanna með rafrænum hætti, eða í gegnum svokallað gagnalón. Einnig heimilar byggðasamlagið að ópersónurekjanleg launagögn verði afhent viðkomandi heildarsamtökum launþega sem um það gera samkomulag við sambandið. Stjórn byggðasamlagsins samþykkir með fjórum greiddum atkvæðum að veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd byggðasamlagsins. Stjórn byggðasamlagsins samþykkir einnig nauðsynlega upplýsingagjöf vegna kjarasamningsgerðarinnar í samræmi við beiðni Sambandsins svo fremi sem fyllstu persónuverndarsjónarmiða verði gætt.

3. Skipun í Félagsmálaráð

Stjórn beinir því til sveitarstjórna að skipa fulltrúa í Félagsmálaráð frá áramótum þó að breytingar verði á störfum ráðsins þegar málefni í tengslum við barnaverndarþjónustu færast annað.



4. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 17:26

Stjórn:

Asdís Yr Arnardóttir

Asdís Yr Arnardóttir

Grímur Rúnar Lárusson

Grímur Rúnar Lárusson

Erla María Lárusdóttir

Erla María Lárusdóttir

Erla Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Starfsmenn:

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

